

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Seychelles.

Með erindaskiptum hinn 14. júní 1976 og 3. febrúar 1977 milli breska sendiráðsins í Reykjavík fyrir hönd ríkisstjórnar Seychelles og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið, að gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana Íslands og Seychelles skuli halda gildi sínu með stoð í samningi Íslands og Bretlands uns nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Seychelles.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. desember 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.

28. desember 1978.

Nr. 13.

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Tuvalu.

Með erindaskiptum hinn 22. ágúst og 11. desember 1978 milli breska sendiráðsins í Reykjavík fyrir hönd ríkisstjórnar Tuvalu (áður Elliseyja) og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið að gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana Íslands og Tuvalu skuli haldast með stoð í samningi Íslands og Bretlands uns nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Tuvalu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. desember 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.